

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 2001

27. apríl 2001

737

Nr. 331

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 196/2001 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli vegna innflutnings á papriku í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0709.6003	Paprika, græn	30.04.-31.05.01	ótilgr.	15	199

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

27. apríl 2001

Nr. 332

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík.

Skógarhlíð, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 13. febrúar 2001 deiliskipulag fyrir Skógarhlíð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 27. apríl 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.